



Borgarráð

Gufunesbær, leiga á færanlegu húsnæði

Óskað er eftir að borgarráð heimili að tekið verði á leigu færanlegt húsnæði fyrir Gufunesbæ.

Greinargerð: Gamli bóndabærinn í Gufunesi var byggður árið 1957 og hefur Skóla- og frístundarsvið nýtt húsið sem skrifstofuaðstöðu fyrir frístundamiðstöð frá árinu 1998. Erfiðlega hefur gengið að viðhalda húsinu og ástandið orðið þannig að flytja verður núverandi starfsemi út úr húsinu vegna raka og lélegra loftgæða.

Áætlað er að láta húsið standa ónotað og athuga hvort það þorni eftir síðustu viðhaldsframkvæmdir sem voru meðal annars að setja nýjar drenlagnir í kringum húsið. Metið verður síðan næsta vetur hvort borgi sig að fara í frekari viðhaldsframkvæmdir á húsinu.

Á meðan það ferli er í gangi er lagt til að flytja núverandi starfsemi í færanlegt húsnæði sem verður tekið á leigu og staðsett við bílastæði Gufunesbæjar. Reykjavíkurborg á ekki á lausu færanlegt húsnæði í bili en áætlað er að það losni færanlegar kennslustofur næsta vetur og verður þá hægt að nýta lausar kennslustofur í stað þessa.

Kostnaður vegna leigu rúmast innan fjárhagsramma Skóla- og frístundarsviðs.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Minnisblað SFS vegna Gufunesbæjar dags 18 des 2017.



Reykjavík, 18. desember 2017

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar


Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs


Efni: Húsnæði Gufunesbæjar

Skóla- og frístundasvið óskar eftir því að skila Gufunesbænum þ.e. gamla bænum vegna ástands hússins og fá í staðinn færanlega gáma til að hýsa starfsemi Gufunesbæjar tímabundið. Í dag er húsnæðið nýtt til frístundastarfsemi frístundamiðstöðvarinnar Gufunesbæjar sem annast rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Grafarvogi auk þess sem Náttúruskóli SFS hefur aðstöðu þar. Útivistarsvæði Gufunessbæjar og Hlaðan eru einnig rekin af frístundamiðstöðinni og er því mjög fjölbreytt starfsemi sem fram fer á svæðinu og mikill fjöldi barna og unglinga sem sækir fræðslu og starfsemi þangað. Einnig er Hlaðan vel nýtt af starfsmönnum borgarinnar og íbúum til fræðslu og margvíslegrar starfsemi. Það er mikilvægt að tryggja góðar vinnuaðstæður og tengingu við svæðið þ.e. að starfsmenn hafi aðstöðu á Gufunessvæðinu.

Kostnaður vegna þessa rúmast innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs og því er ekki um viðbótarósk um fjármagn inn í fjárhagsramma SFS að ræða.

Umhverfis- og skipulagssvið var beðið um að kanna möguleika á því að koma fyrir gámum starfsmannaaðstöðu frístundamiðstöðvar Gufunesbæjar, vegna ástands hússins þ.e. gamla bænum. Sjá í fylgiskjali tillögu USK um staðsetningu.





GUFUNESBÆR

Tillaga að starfsmannaaðstöðu í gámum

á grassvæði

FruMan/dh/ USK 23.11.2017